STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1984

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 682, 5. september 1983.

Aftast í „2. gr. Raforkugjöld“ bætist:

„S. Sumartaxti.

S.1 Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi:

Lágmarksgjald 75 kW, 1. maí — 30. september	22 500,00 kr/mán
Aflgjald 1. maí — 30. september	300,00 kr/kW/mán
Aflgjald apríl og október	1 150,00 kr/kW/mán
Orkugjald	0,66 kr/kWh

Ekki er heimilt að selja raforku á þessum taxta frá 1 nóvember til 31. mars“.

Á eftir 5. grein bætist ný grein:

„6. gr. Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf séstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilsins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla Rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárliðum.

Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar“.

6. gr. til 13. gr. breytast í 7. gr. til 14. gr., að báðum greinum meðtöldum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977 með síðari breytingum, til að taka gildi 1. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 28. mars 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

B 31

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg